



Félag áhugafólks og aðstandenda  
Alzheimerssjúklinga og annarra  
skyldra sjúkdóma



## Aðalfundur FAAS 11. maí 2011.

Fundurinn haldinn miðvikudaginn 11. maí á Grand Hotel og hófst kl. 17:00.

### Dagskrá:

1. Fanney Proppé Eiríksdóttir, formaður FAAS setur fundinn
2. Venjuleg aðalfundarstörf
3. Önnur mál

### 1. *Setning fundarins*

Fanney Proppé Eiríksdóttir, formaður setur aðalfund kl. 17:09.

### 2. *Kosning fundarstjóra og fundarritara*

Fundarstjóri Guðmundur Bjarnason og fundarritari Guðmunda Kristjánsdóttir. Tuttugu manns mættu á fundinn en samkvæmt lögum FAAS hafa þeir einir rétt til að sitja aðalfund sem lokið hafa greiðslu árgalds liðins árs.

#### *Skýrsla stjórnar*

Formaður les skýrslu stjórnar 26. starfsárs FAAS. Formaður ræðir málefni ársins, sjá frekar í meðfylgjandi skýrslu. Félagar FAAS eru í dag 947 og hafa 42 nýjir félagar bæst við frá áramótum.

#### *Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.*

Viðar G. Elísson endurskoðandi les yfir og útskýrir ársreikninga FAAS. Ársreikningar bornir upp og samþykktir.

#### *Endurskoðaðir ársreikningar dagþjálfunarhúsa, skýrðir.*

Viðar G. Elísson endurskoðandi kynnir og útskýrir ársreikninga dagþjálfunarhúsanna þriggja hvers um sig.

#### *Skýrslur fagráðs og starfshópa.*

Svava Aradóttir tekur til máls og segir frá því að Afmælisnefndin hafi lokið störfum sínum. Svava segir frá helstu verkefnum afmælisnefndarinnar. Sjá frekar í skýrslu hennar. María Th. Jónsdóttir var gerð að heiðursfélaga FAAS nr. II. Því miður komst enginn af fulltrúum fagráðs FAAS á aðalfundinn og Fanney flytur kveðju frá fagráðinu en fyrir liggur m.a. að endurnýja bæklinga.

#### *Lagabreytingar*

Daníel Isebarn Ágústsson lögfræðingur útskýrir tengsl FAAS við dagþjálfunarhúsin og hvaða fyrirkomulag er á rekstrarleyfum húsunum. Laganefnd er áfram að störfum og upplýsti Daníel að ekki væri búið að klára þá vinnu. Niðurstaðan samstarfsins hingað til varð sú að láta uppbyggingu rekstursins endurspeglar raunveruleika starfsseminnar. Heilbrigðisráðuneytið veitti á sínum tíma FAAS rekstrarleyfi fyrir starfseminni í Friðuhúsi og Drafnarhúsi, en Reykjavíkurborg var veitt rekstrarleyfi fyrir starfseminni í Maríuhúsi. Reykjavíkurborg og FAAS gerðu síðan samning sín á milli um rekstur húsinns. Réttindi og skyldur vegna rekstursins í öllum húsunum eru því á milli hins opinbera og FAAS. Húsin ættu að vera félagsdeildir innan FAAS og er búið að senda tilkynningu þess efnis til Fyrirtækjaskrá, en ekki hefur enn borist svar.

Húsin eru rekin undir eigin kennitölu og eru fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Laganefnd stefnir á að ljúka störfum sínum fyrir næsta aðalfund.

#### *Kosning stjórnar*

Fanney Próppé Eiríksdóttir var rétt kjörin sem formaður næsta starfsárs. Úr stjórn gengur Sigurbjörg A. Guttormsdóttir. Á síðasta ári var Ingibjörg Magnúsdóttir kosin til eins árs en ekki tveggja ára eins og hefði átt að vera og er nú tillaga um að Ingibjörg verði kjörin aðalmaður til tveggja ára. Guðjón Brjánsson er rétt kjörinn til tveggja ára. Í varanefnd eru tilnefnd þau Hrafn Magnússon og Bjargey Una Hinriksdóttir. Tillögur samþykktar.

#### *Kosning skoðunarmanna reikninga, einn aðalmaður og einn varamaður*

Jón Snædal og María Th. Jónsdóttir kosin í eitt ár.

#### *Ákvörðun um árgjald*

Tillaga frá stjórn um að árgjald verði áfram óbreytt 2.500 kr. Samþykkt með lófaklappi.

### **3. Önnur mál**

#### *a) Ályktanir sem stjórn leggur fyrir aðalfund FAAS*

##### *Ályktun aðalfundar FAAS nr. 1*

*Aðalfundur FAAS, haldinn 11. maí 2011 hvetur stjórnvöld til þess að setja nú þegar í gang undirbúning að stofnun nýrrar sérhæfðar dagþjálfunar fyrir fólk með heilabilun og lagt er til að næsta sérhæfða dagþjálfunin verði í Breiðholti, en öldruðum íbúum þess hverfis fjölga nú hratt.*

Greinagerð:

Sérhæfðar dagþjálfanir fyrir fólk með heilabilun hafa fyrir löngu sannað gildi sitt, auk þess að vera fjárhagslega hagkvæmt úrræði má seinka til muna þörf fyrir sólarhringsvistun á hjúkrunarheimili.

Biðlistar hafa lengst og hafa nú um margra mánaða skeið verið hátt í eitt hundrað.

Ályktun nr. 1. samþykkt með öllum greiddum atkvæðum fundarins.

##### *Ályktun aðalfundar FAAS nr. 2*

*Aðalfundur FAAS, haldinn 11. maí 2011 hvetur Landlæknisembættið til þess að setja nú þegar í gang undirbúning að miðlægri skráningu allra heilabilunarsjúkðoma á Íslandi og lýsir FAAS yfir vilja til að koma að þeim undirbúningi í samvinnu við embættið.*

Greinagerð:

Niðurstöður fjölda rannsókna hafa sýnt að fólki með heilabilun muni fjölga mikið á næstu árum og áratugum. Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands sem birt var sl. haust styður þessar niðurstöður.

Mikilvægt er að gera ráðstafanir til þess að geta mætt vaxandi þörf fyrir fræðslu og stuðning við aðstandendur og aðra umönnunaraðila, auk ráðstafana til þess að fjölga úrræðum til að mæta vaxandi umönnunarþörf sem óhjákvæmilega kemur í kjölfar fjölgunar fólks með heilabilun.

Forsenda slíkra ráðstafana er að þekkja á hverjum tíma hina raunverulegu þörf og til að svo megi vera þarf miðlæg skráning á fjölda einstaklinga með heilabilun að vera fyrir hendi. Miðlæg skráning er ekki til staðar á Íslandi í dag, hvorki hjá Landlæknisembættinu né öðrum stofnunum.

Heilabilunarsjúkdómar eru því ekki sýnilegt heilbrigðisvandamál á borð við ýmsa aðra sjúkdóma sem auðvelt er að nálgast tölulegar upplýsingar um.

Auk þess vera forsenda framtíðar skipulagningar, mun miðlæg skráning gera heilabilunarsjúkdóma sýnilegri í samfélaginu og stuðla þar með að þekkingu og skilningi á aðstæðum fólks með heilabilun og aðstandenda þeirra.

Ályktun nr. 2. samþykkt með öllum greiddum atkvæðum fundarins.

- b)** Kynntir voru bæklingar sem Rósbjörg S. Þórðardóttir verkefnastjóri hjá Sinnnum heimaþjónustu hafði lagt fram í upphafi fundarins. Þar voru kynnt úrræði sem Sinnnum býður uppá, hvíldarinnlagnir og dagþjálfun fyrir fólk með heilabilun.
- c)** Kynnt var ný fjáröflunarleið fyrir FAAS, en það er verkefni sem Ingibjörg Magnúsdóttir varaformaður FAAS hefur staðið fyrir. Um er að ræða ermalanga boli – svarta og hvíta - með áþrykktri fjólublárrí slaufu, en fjólublái liturinn er litur FAAS. Bolirnir verða m.m. til sölu á skrifstofu FAAS, hjá öllum tenglum félagsins.
- d)** Formaður þakkar Sigurbjörgu A. Guttormsdóttur innilega fyrir átta ára fórnfúst starf hjá FAAS. Formaður býður Guðjón Brjánsson velkomin til starfa og fagnar með Hrafni að kominn er annar karlmaður í stjórnina. Fanney þakkar Maríu Th. Jónsdóttur og útskýrir það hvað er að vera heiðursfélagi. Formaður þakkar Svövu Aradóttur fyrir vel unnin störf á árinu og þakkar einnig Önnu Maríu dóttur sinni fyrir allan stuðning og aðstoð í tölvumálum. Guðmundi Bjarnasyni þökkkuð fundarstjórnun og honum gefin bókin „Að endurvekja lífsneystann hjá fólki með heilabilun“ .

Fundi slitið kl. 18:28.